


Um sjóðinn

Global Equity Fund er verðbréfasjóður og byggir á hugmyndafræði sjóðasjóða. Markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og dreifingu áhættu með því að fjárfesta í alþjóðlegum verðbréfasjóðum, kauphallarsjóðum og stökum hlutabréfum. Viðmiðunarvísitala sjóðsins er heimsvísitala Morgan Stanley Capital International (MSDUWI) og tekur samsetning eigna sjóðsins mið af landsvæða- og atvinnugreinaskiptingu vísitölunnar. Fjárfestingunni fylgir gjaldmiðlaáhætta þar sem eignir sjóðsins eru í erlendum gjaldmiðlum.

Kaup í Global Equity Fund er langtímafjárfesting þar sem búast má við miklum sveiflum í ávöxtun sjóðsins til skemmri tíma. Allar frekari upplýsingar um sjóðinn og áhættuþætti má nálgast í lykilupplýsingum og útbóðslýsingu hans sem finna má á vefsíðu Landsbréfa www.landsbref.is


Eignasamsetning

Flokkur	Staða	Lágmark	Hámark	Eignaskipting
Stakir verðbréfasjóðir og kauphallarsjóðir	91,86%	70%	100%	
Skráð verðbréf	0,09%	0%	30%	
Óskráð verðbréf	0,00%	0%	10%	
Reiðufé	8,04%	-	-	

Stærstu eignir


T. Rowe Price Funds SICAV - Global	16,49%
iShares S&P 500 ETF	12,51%
UBS LUX Equity SICAV-European	10,29%
UBAM-30 Global Leaders E-IC	9,84%
ISHARES S&P 100 ETF	9,48%
ACI GLOBAL GROWTH EQUITY - I	9,23%
Invesco QQQ Trust Series 1	4,44%
ISHARES RUSSELL 1000 ETF	4,27%
JB Emerging EQ USD-C	3,28%
ISHARES MSCI JAPAN ETF	3,26%

Landsvæðaskipting



Árangur sjóðsins

Gengisþróun



Nafnávöxtun

Frá áramótum	12,38%
1 ár	14,51%
2 ár*	13,73%
3 ár*	3,42%
4 ár*	4,06%
5 ár*	4,48%

* meðaltal nafnávöxtunar á ársgrundvelli

Áhætta

Markaðsáhætta er sú áhætta sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni. Undir markaðsáhættu falla gengis-, og vaxtaáhætta sem felast í því að gengi verðbréfa og breytingar á markaðsvöxtum getur sveiflast með ófyrirsjáanlegum hætti og þannig haft áhrif á ávöxtun í sjóðnum.

Áhætta tengd smæð markaðar er til staðar í sjóðnum. Viðskipti með verðbréf á íslenskum verðbréfamarkaði eru oft fá og því getur verðmyndun verið ógagnsæ.

Lausfjáráhætta er til staðar í sjóðnum þar sem sú staða gæti komið upp að eign seljist ekki tímanlega á ásættanlegu verði.

Uppgjörshætta er til staðar í sjóðnum ef mótaðili greiðir ekki eða afhendir á réttum tíma.

Vörsluáhætta er til staðar í sjóðnum þar sem eignir í vörslu geta tapast vegna vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila.

Áhætta vegna notkunar á afleiðum er til staðar í sjóðnum.

Frekari upplýsingar um áhættu í sjóðnum má finna í útbóðslýsingu hans

Almennar upplýsingar

Kennitala:	600390-9619
Stofndagur:	1.12.2003
Grunnmynt:	ISK
Rekstrarfélag	Landsbréf hf.
Vörslufélag:	Landsbankinn hf.
Söluaðili:	Landsbankinn hf.
Sjóðsform:	Verðbréfasjóður (UCITS)
Umsýslupóknun:	1,50%
Bloomberg auðkenni:	LAISGEF IR
LEI númer:	5493001SQ4CW1XHDVDR37
Sjóðstjórar:	Egill Darri Brynjólfsson Halldór Kristinsson
Framkv.stj. Landsbréfa hf.:	Helgi Þór Arason

Viðskiptapantanir

Afgreiðslutími:	09:30 - 14:30
Lágmarkskaup:	5.000 kr.
Afgreiðslugjald:	450 kr.
Afgreiðslugjald í áskrift:	100 kr.
Gjald við kaup:	2,0%
Gjald við kaup í áskrift:	Ekkert
Áskriftarmöguleiki:	Já
Uppgjörstími:	3 bankadagar

Tölulegar upplýsingar

Hrein eign í milljónum ISK:	2.886,9
Gengi sjóðsins:	2.178,92
Staðalfrávik*:	12,92%
Ávöxtunarviðmið:	MSDUWI Index
Áhættumælikvarði	6/7

*Staðalfrávik ávöxtunar er tölfræðileg stærð sem mælir sveiflur frá meðalávöxtun á ársgrundvelli. Staðalfrávik byggir á daglegum gögnum eitt ár aftur í tímann. Núverandi mat á staðalfrávikum endurspeglar ekki endilega staðalfrávik í framtíð.

Hafðu samband

Verðbréfa- og lífeyrissjónusta Landsbankans

Austurstræti 5, 155 Reykjavík

Sími: 410 4040

www.landsbankinn.is

www.landsbref.is

Skattalegar upplýsingar

Tekjur af hluteildarskrifteinum eru skilgreindar sem vaxtatekjur skv. 8. gr. l. nr. 90/2003 um tekjuskatt. Fjármagnstekjuskattur staðgreiðist af hagnaði þegar hluteildarskrifteini eru innleyst. Skatthlutfall þetta er nú 22%. Nánari upplýsingar um skattamál er að finna á vef Landsbréfa og í útbóðslýsingu sjóðsins.

Sjóðurinn er verðbréfasjóður starfræktur í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélag sjóðsins eru Landsbréf hf. og vörslufélag er Landsbankinn hf. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á framtíðarárangur. Gengi sjóðsins getur bæði hækkað og lækkað og fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Nánari upplýsingar um sjóðinn og áhættuþætti eru í útbóðslýsingu sjóðsins og lykilupplýsingum sem finna má á vefsíðu Landsbréfa www.landsbref.is og eru fjárfestar hvattir til þess að kynna sér þær vel áður en fjárfest er í sjóðnum. Þær upplýsingar sem koma fram í þessu skjali byggja á óendurskoðuðum gögnum úr bókhaldi sjóðsins. Upplýsingarnar eru því birtar með fyrirvara um réttmæti þeirra.